

Nd.

549. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á síðastl. Alþingi var frumv. um þetta efni flutt samkv. ósk Ljósmæðrafélags Íslands af heilbrigðis- og félagsmálanefnd þessarar hv. deildar. Fylgdi því þá all-
ýtarleg greinargerð ásamt bréfi frá landlækni, þar sem mælt er með samþykkt frumv.
Frumvarp þetta komst þá í gegnum allar umr. í þessari hv. deild, en náði ekki
fullnaðarafgreiðslu á því þingi. Samhljóða frumvarp var nú flutt af heilbrigðis- og
félagsmálanefnd hv. efri deildar og kemur nú frá þeirri hv. deild svo að segja óbreytt.

Nefndin var sammála um að leggja það til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1947.

Sigurður E. Hlíðar,
form.

Helgi Jónasson,
frsm.

Katrín Thoroddsen,
fundaskrifari.

Garðar Þorsteinsson.

Gylfi Þ. Gíslason.